

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Kjalarnes, Saltvík.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 2. nóvember 2018, breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall er aukið úr 0,3 í 0,5 á reit B og lóðir endurskilgreindar þannig að í stað þess að vera hringlaga þá er þeim breytt í ferhyrnda. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Austurbakki 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 2. nóvember 2018, breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar vegna lóðar nr. 2 við Austurbakka. Í breytingunni felst að bætt verður við nýrri lóð með byggingarreit 14 á Faxagarði fyrir spenn- og rafdreifistöð auk vaktaðstöðu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Ármúli 9.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 9. nóvember 2018, breytingu á deiliskipulagi Ármúla, Vegmúla, Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 9 við Ármúla. Í breytingunni felst að notkun bakhússins verður breytt úr bílageymsluhúsi í bílageymsluhús/tæknirými. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Blikastaðavegur 2-8.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 7. nóvember 2018, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2-8 við Blikastaðaveg. Í breytingunni felst að færð er útaksturstenging og bætt er við annarri tengingu til útaksturs af bílplani við norðausturenda hússins inn á Blikastaðaveg. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 13. nóvember 2018.

Björn Axelsson.